

Dalvíkurbyggð
Þorsteinn K. Björnsson
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu
620 Dalvík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
19. jan. 2012	
10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. janúar 2012
Tilvísun: UST20110500072/esó

Deiliskipulag Ytra –Holti Dalvíkurbyggð

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 21. desember 2011 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagstillögu landbúnaðarsvæðis í landi Ytra-Holts, Dalvíkurbyggð.

Í framangreindu erindi kemur fram að tillaga að deiliskipulagi Ytra-Holts var auglýst í júní 2011. Vegna athugasemda sem bárust voru gerðar breytingar á tillögunni og ákveðið að auglýsa breytta tillögu að nýju.

Eftirfarandi atriðum var breytt frá fyrri deiliskipulagstillögu:

1. Færður er inn í greinargerðina skilmáli sem segir að ekki verði heimilt að hafa á svæðinu starfsemi sem kann að vera viðkvæm fyrir hugsanlegri lyktarmengun frá nálægu kjúklingabúi og hesthúsi.
2. Felldur er út texti í kafla 3.3.1 í greinargerð skipulagsins þar er fjallað um málsmeðferð vegna minniháttar frávika frá skipulaginu.
3. Lagfært er orðalag í greinargerð um hámarksfjölda stæða fyrir fugla á bls. 13, til samræmis við skilmála um að fjöldi fugla verði undir 40.000.
4. Felldar eru út fjórar af fimm athafnalóðum.
5. Gæludýragrafreitur er felldur út.

Athafnasvæðið sem skilgreint er í aðalskipulagi 2008-2020 sem athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota, er um 18,2 ha að stærð. Svæðið er í vesturhluta Svarfaðardals, u.þ.b. 2 km frá Dalvík og afmarkast að norðan af landamerkjum við Hrafnstaðakot og að sunnan af landamerkjum við Syðra-Holt. Á svæðinu er nú kjúklingabú á um 9 ha svæði, bifreiðaverkstæði á um 0.1 ha og skógræktarreitur á um 0.7 ha. Að öðru leyti er svæðið í dag óræktað land.

Fram kemur að markmið með deiliskipulagstillögunni er í megin atriðum tvíþætt: Annars vegar að koma upp heildstæðri mynd af skipulagssvæðinu og hins vegar að auka lóðarframboð.

Í tillögunni eru skipulagðar alls tólf lóðir, ein athafnalóð, níu lóðir undir frístundafjábúskap, ein stór lóð er undir kjúklingabú og einn skógræktarreitir.


Fráveita og úrgangur


Í umhverfisskýrslu sem gerð var vegna gerð deiliskipulagsins kemur fram að byggingar á svæðinu verði tengdar við frárennslis- og lagnakerfi Dalvíkurbyggðar. Gert er ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir lóðirnar á deiliskipulagssvæðinu. Í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs í kafla um skyldur sveitastjórna, 6 gr. er tekið fram að sveitarstjórnir skuli sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþró og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 4. mgr. 18. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa sömu reglugerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn vegna málsins 9. maí 2011 vegna áður auglýsts deiliskipulags Ytra-Holts. Þar er m.a. vakin athygli á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, gr. 8.2 sem segir, að við deiliskipulag skuli gera skýringaupprátt sem sýnir ástand vatns sbr. 9. gr. sömu reglugerðar.

Að öðru leyti en að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Elín Sigríður Óladóttir